



Alþingi  
Erindi nr. P 130/1635

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

komudagur 1.4. 2004

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur á fundi sínum 26. mars s.l. tekið til umfjöllunar þau mál sem borist hafa frá Alþingi á síðustu dögum og óskað er eftir umsögn um.

Hér fer á eftir afgreiðsla stjórnar og þær ályktanir sem samþykktar voru.

X **Mál nr. 257.** Um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

**Mál nr. 157.** Frumvarp til laga um umönnunargreiðslur. Stjórn FSV gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

**Mál nr. 268 Um formlegt samstarfs ríkis sveitarfélaga og fl. í heilbrigðis-trygginga-og félagsmálum.**

Stjórn FSV er því fylgjandi að samstarf ríkis-sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-trygginga-og félagsmálum sé eftt og aukið. Sveitarfélögin sinna heimaþjónustu aldraðra og ýmsum málefnum fatlaðra og oft er ekki nægilegt samráð milli þessara aðila. Við bendum þó á að í þeim viðræðum sveitarfélaga og ríkisins sem nú fara fram um eflingu sveitarstjórnarstigsins með því að færa til þeirra aukin verkefni sem m.a. koma inn á þessa þætti þá sé hægt að bæta þá skilvirkni sem tillagan gerir ráð fyrir.

**Mál nr. 156. Um breytingu á sveitarstjórnarlögum , íbúáþing.**

Stjórn FSV telur ekki rétt að skylda sveitarfélögin til þess að halda íbúáþing, heldur sé það sjálfstæð ákvörðun hvers sveitarfélags. Hins vegar ef sveitarstjórn ákveður að halda íbúáþing er æskilegt að til séu einhver ákvæði um hvernig að þeim skuli staðið og um eftirfylgni þeirra.

Við leggjum því til eftirfarandi breytingu á fyrstu málsgrein.:

“Sveitarstjórn er heimilt að standa fyrir íbúáþingi a.m.k. einu sinni á hverju kjörtímabili.”

Þá leggst stjórn FSV alfarið gegn því að ráðherra séu gefnar opnar heimildir til setningar reglugerða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

**Mál nr. 569. Um siglingavernd.** Stjórn FSV vísar umfjöllun til sveitarfélaga.